

Reglur um tómskundastyrk í Sveitarfélaginu Hornafirði

1. gr.

Markmið og tilgangur

Sveitarfélagið Hornafjörður veitir foreldrum/forráðamönnum barna á aldrinum 6 - 18 ára tómskundastyrki vegna þátttöku í skipulögðu íþrótt- og tómskundastarfi, hér eftir nefnt „tómskundastarf“.

Meginmarkmið tómskundastyrksins er að öll börn á aldrinum 6 -18 ára geti tekið þátt í uppbyggilegu tómskundastarfi óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum. Meginskilyrði styrksins er að starfsemin sé á forsendum uppeldislegra gilda og forvarna.

Vísað er til 1. greinar æskulýðslaga nr. 70 frá 2007.

„Með æskulýðsstarfi er átt við skipulagða félags- og tómskundastarfsemi þar sem börn og ungmenni starfa saman í frístundum sínum að hugsjónum, markmiðum og áhugamálum sem þau sjálf meta að verðleikum. Í skipulögðu æskulýðsstarfi skal hafa í huga félags-, forvarna-, uppeldis- og menntunarleg gildi þess sem miðar að því að auka mannkosti og lýðræðisvitund þátttakenda.“

Vísað er til 2. greinar íþróttalaga nr. 64 frá 1998.

„Meginmarkmið aðgerða ríkis og sveitarfélaga á sviði íþróttamála skal vera að stuðla að því að allir landsmenn eigi þess kost að iðka íþróttir við sem hagstæðust skilyrði. Samstarf ríkis og sveitarfélaga við hina frjálsu íþróttahreyfingu skal taka mið af gildi íþróttaiðkunar fyrir uppeldis- og forvarnastarf“.

2. gr.

Skilyrði fyrir veitingu tómstundastyrks

Að barnið eigi lögheimili í Sveitarfélaginu Hornafirði og sé á aldrinum 6 - 18 ára miðað við fæðingarár. Iðkendur eiga rétt á styrk frá og með því ári sem 6 ára aldri er náð, til og með því ári sem 18 ára aldri er náð.

Börn sem flytja í Sveitarfélagið Hornfjörð fá fullan styrk á því ári sem flutt er í bæjarfélagið.

3. gr.

Almennt um tómstundastyrk og úthlutunarreglur

- Tómstundastyrknum er úthlutað til barna í formi styrks frá Sveitarfélaginu Hornafirði sem foreldri/forráðamenn ráðstafa til þeirra aðila er standa fyrir skipulögðu tómstundastarfi og falla undir styrkhæfisreglur sveitarfélagsins.
- Með tómstundastyrknum má greiða að fullu, eða hluta, fyrir íþróttta-, lista- og/eða aðra tómstundastarfsemi á vegum félaga og fyrirtækja í sveitarfélaginu.
- Foreldrar/forráðamenn barna geta ráðstafað tómstundastyrknum hvenær sem er á árinu og óháð fjölda greina/námskeiða.
- Styrkupp hæð er í samræmi við gildandi samþykkt bæjarstjórnar Hornafjarðar hverju sinni og getur aldrei orðið hærri en æfinga-/námskeiðsgjald viðkomandi tómstundatilboðs.
- Ekki er heimilt að nýta tómstundastyrkinn til að greiða sérstakan viðbótarkostnað svo sem vegna tækja og búnaðar, fatnaðar og ferða.
- Ráðstöfun er endanleg. Ekki er hægt að endurgreiða eða bakfæra styrk þegar foreldri/forráða- maður hefur ráðstafað honum til félags á grundvelli tómstundastyrksins. Eftirstöðvar tómstundakorts, ef einhverjar eru, er ekki heimilt að færa milli ára og falla þær niður í lok hvers árs.

4. gr.

Skipulagt tómstundastarf og styrkhæfi aðila

Velferð og hagur barna skal hafður að leiðarljósi í tómstundastarfi og í samræmi við ákvæði laga og reglugerða er varða börn og ungmenni. Skipulagt tómstundastarf þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði til að teljast styrkhæft:

a) Að um sé að ræða skipulagt tómstundastarf eða kennslu. Lögð er áhersla á að þjálfarar og leiðbeinendur séu menntaðir fagaðilar á sviði íþróttta-, tómstunda eða kennslu. Börn undir 18

ára aldri skulu ekki starfa við þjálfun, kennslu- eða leiðbeinendastörf ein síns liðs. Fagaðili getur þó haft einstaklinga undir 18 ára aldri sér til aðstoðar.

b) Meginreglan skal vera sú að skipulagt tómstundastarf nái yfir 10 vikur samfelld. Hægt er að ráðstafa styrk til greiðslu styttri námskeiða, enda uppfylli námskeiðið önnur skilyrði um styrkhæfi.

c) Starfsemi sem telst styrkhæf er starfsemi á vegum íþróttá- og tómstundafélaga, nám við tónlistarskóla, skipulögð námskeið s.s. listnámskeið ýmiss konar, námskeið innan líkamsræktarstöðva, sjálfsstyrkingarnámskeið og önnur þau námskeið sem uppfylla skilyrði reglna.

d) Starfsemi sem ekki telst styrkhæf er lengd viðvera eftir skóla, starfsemi trúfélaga og annarra lífsskoðunarfélaga og stjórnmalasamtaka.

e) Aðili sem sinnir skipulögðu tómstundastarfi skal gera samning um tómstundastyrk við sveitarfélagið að uppfylltum reglum um styrkhæfi.

f) Aðild að tómstundastyrknum má ekki verða til þess að gjaldskrár/æfingagjöld aðila hækki óeðlilega milli ára.

g) Fræðslustjóri metur hvort einstakir aðilar uppfylli skilyrði reglna. Leiki vafi á styrkhæfi ber hann tillögur sínar undir fræðslu- og tómstundanevnd.

5. gr.

Samstarfssamningur

Aðilar sem uppfylla ofangreindar reglur um tómstundastyrki undirrita samstarfssamning við sveitarfélagið. Starfsmenn stjórnslu Hornafjarðar meta hverja umsókn og veita aðilum sem uppfylla skilyrði, aðgang að frístundastyrkjakerfinu. Í framhaldi er gerður samningur þar sem eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram:

a) Nafn, kennitala, símanúmer, netfang og heimasíða aðila. Að auki nafn, kennitala, símanúmer og netfang tengiliðs vegna umsóknar og/eða ábyrgðaraðila

b) Tegund starfsemi

c) Tímatöflur og námskeiðsframboð

d) Gjaldskrá

e) Upplýsingar um aðstöðu/húsnæði

6. gr.

Ferli um greiðslur styrkja

Foreldrar og forráðamenn skrá barn á námskeið hjá félagi sem fellur undir reglur um íþrótt- og tómstundakort.

Foreldrar greiða fyrir viðkomandi námskeið og fá afhenta kvittun frá félaginu sem fara þarf með á skrifstofu sveitarfélagsins að Hafnarbraut 27 þar sem sótt er um styrkinn. Umsækjandi gefur þar upp bankareikning sem síðan er greitt inn á þegar umsókn um styrk hefur verið staðfest.

Reglur þessar verða endurskoðaðar eins oft og þurfa þykir.

Samþykkt í fræðslu- og tómstundanefnd 15. apríl 2015.

Samþykkt í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar 14. maí 2015.

Björn Ingi Jónsson, Bæjarstjóri